

Þórður Arason

Mælingar og skráning á niðurslætti eldinga til jarðar á Íslandi

apríl 2004 - mars 2005

Ársskýrsla 2005, unnin fyrir Samstarfsnefnd um rannsóknir á eldingum:
Flugmálastjórn Íslands, Hitaveitu Suðurnesja hf, Landssíma Íslands hf, Landsnet, Löggildingarstofu,
Og Vodafone, Orkuveitu Reykjavíkur, Rafmagnsveitur ríkisins, Samband íslenskra tryggingafélaga
og Veðurstofu Íslands

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur | 5 |
| Rekstur mælistöðva | 6 |
| LLP-eldingamælarnir | 8 |
| ATD sferics eldingar við Ísland | 10 |
| Annáll þrumuveðra við Ísland | 11 |
| Nýjar þrumuspár | 20 |
| Eldingar í Grímsvatnagosinu 2004 | 21 |
| Eldingaráðstefnan ICLP 2004 | 32 |
| EGU 2005 ráðstefnan | 35 |

Inngangur

Hér er lýst mælingum á eldingum og fyrstu úrvinnslu gagnanna á Veðurstofu Íslands fyrir sl. ár, apríl 2004 til mars 2005. Greinargerðin er lögð fram á ársfundi samstarfsnefndar um rannsóknir á eldingum 13. maí 2005. Þetta er áttunda ársskýrslan sem lögð er fyrir ársfund samstarfsnefndarinnar og er hér sett upp sem hluti ritraðar greinargerða frá Veðurstofu Íslands. Tíu stofnanir og fyrirtæki standa að þessu rannsóknasamstarfi, sem hófst sem tilraunaverkefni átta stofnana 1996, en gengið var frá nýjum samstarfssamningi til fimm ára í maí 2003. Á starfsárinu var Landsvirkjun skipt í tvö fyrirtæki, Landsvirkjun og Landsnet og tók Landsnet við skuldbindingum Landsvirkjunar í samstarfinu. Aðilar að samstarfinu eru nú Flugmálastjórn Íslands, Hitaveita Suðurnesja hf, Landssími Íslands hf, Landsnet, Löggildingarstofa, Og Vodafone, Orkuveita Reykjavíkur, Rafmagnsveitur ríkisins, Samband íslenskra tryggingafélaga og Veðurstofa Íslands.

Stjórn samstarfsnefndarinnar 2004-2005 var þannig skipuð:

Eymundur Sigurðsson, fulltrúi Landsnets, formaður

Benedikt Sigurðsson, fulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur, ritari

Þórður Arason, fulltrúi Veðurstofu Íslands, meðstjórnandi

einnig starfaði Gísli Júlíusson með stjórninni til dauðadags.

Í þessari greinargerð er birt yfirlit um rekstur eldingamælistöðva og kerfi á Veðurstofunni. Unnið var úr mælingum LLP-eldingamælikerfis samstarfsnefndarinnar (LLP, Lightning location and protection). Tekinn var saman fjöldi eldinga úr ATD sferics eldingakerfi bresku veðurstofunnar, sem nefndin hefur aðgang að (ATD, Arrival time difference). Þá er gefið yfirlit um þau þrumuveður sem hafa gengið yfir landið undanfarið ár samkvæmt mælingum og mönnum athugunum á veðurstöðvum Veðurstofu Íslands. Sérstaklega er gerð grein fyrir eldingum í Grímsvatnagosi í nóvember 2004. Að lokum er sagt frá tveimur ráðstefnum sem niðurstöður voru kynntar á. Þess er vænst að niðurstöður eldingarannsóknanna muni nýtast jafnt í vísindalegum tilgangi í samhengi við alþjóðarannsóknir á þessu sviði, sem og í hagnýtum tilgangi fyrir þær stofnanir og fyrirtæki sem að verkefninu standa.

Á starfsárinu létust tveir frumkvöðlar samstarfsnefndarinnar. Henry Berg Johansen rafmagnstæknifræðingur, fæddur 15. júní 1951, lést 20. nóvember 2004. Henry starfaði á Veðurstofunni þegar LLP-eldingamælarnir komu til landsins 1996. Í upphafi var reynt að setja tækin upp eins og þau höfðu verið hönnuð til, með beintengdum síopnum símalínunum frá hverjum mæli í sérstaka skráningartölvu á Veðurstofunni. Þessi rekstur gekk illa. Henry hannaði þá og forritaði nýja lausn sem byggði á því að á hverri stöð væri PC-tölva sem skráði mælingar frá LLP-mæli. Henry forritaði og setti síðan upp innhringitölvu á Veðurstofunni sem hringdi reglulega í allar stöðvar og náði í mæligögn. Þessi leið kallaði á sértæka lausn til að halda nákvæmri tímasetningu atburða. Lausnin sem var hönnuð og útfærð af Henry hefur reynst afskaplega vel.

Gísli Júlíusson rafmagnsverkfræðingur lést 29. desember 2004, en hann fæddist 4. september 1927. Gísli starfaði lengst sem yfirverkfræðingur á Landsvirkjun. Gísli var frumkvöðull í að rannsóknum á eldingum var komið á hærra stig hér á landi með samstarfi við erlenda aðila og með því að fá til landsins LLP-eldingamælana. Gísli var fyrsti formaður samstarfsverkefnisins þegar það var stofnað árið 1996. Eftir að Gísli fór á eftirlaun tók hann virkan þátt í stjórnarfundum, sem áheyrnarfulltrúi. Síðast fundaði Gísli með stjórninni á 129. fundi stjórnarinnar, þann 16. desember 2004.

Rekstur mælistöðva

Á starfsárinu voru fjórar eldingamælistöðvar úti á landi og ýmis tæki og hugbúnaður á Veðurstofunni sem tengjast eldingamælingum.

Syðri-Neslönd við Mývatn – LLP eldingamælistöð

LLP-stöðin var ekki heimsótt á árinu. Hún var síðast skoðuð af Þórði Arasyni og Sigvalda Árnasyni 14. september 2002. Rekstur stöðvarinnar hefur gengið mjög vel og ekkert athugasvert komið upp. Stöðin er mjög næm á eldingar í samanburði við hinar stöðvarnar.

Hnausar í Meðallandi – LLP eldingamælistöð

Slökkt hefur verið á LLP-stöðinni undanfarin tvö ár, eða allt frá 9. janúar 2003.

Ásgarður í Dölum – LLP eldingamælistöð

LLP-stöðin mælir mjög lítið af eldingum. Síðast var stöðin heimsótt í september 2001 af Þórði Arasyni og Árna Sigurðssyni.

Reykjavík – LLP eldingamælistöð

LLP-stöðin mælir mjög lítið af eldingum, en mikið er skráð af suði og eru því skeyti nokkuð mörg.

Keflavíkurflugvöllur – ATD Sferics eldingamælistöð

Stöðin er í húsi háloftastöðvar Veðurstofu Íslands á Keflavíkurflugvelli. Tækin eru í eigu bresku veðurstofunnar, en gegn aðstoð við rekstur stöðvarinnar höfum við aðgang að mæligögnum fyrir norðanvert Atlantshaf. Rekstur stöðvarinnar hefur gengið mjög vel.

Reykjavík – LLP innhringimiðstöð

PC-tölva á Veðurstofunni sér um að hringja inn gögn frá öllum þremur LLP-eldingamælistöðvunum. Hringt var í stöðvarnar á 3 klst fresti á starfsárinu. Gögnin voru skráð á miðlægan disk yfir tölvunet. Innhringitölvun er tengd GPS-tæki þannig að hægt er að umreikna alla atburði yfir á réttan tíma. Rekstur innhringitölvunnar gekk vel á árinu.

Reykjavík – EFMS bylgjuskráningarkerfi

EFMS-bylgjuskráningarkerfið skráir bylgjuform eldinga, en ekki er unnið sérstaklega úr gögnunum (EFMS, Elektrisk feltmálesystem). Lengst af var slökkt á mælikerfinu, en það var ræst að kvöldi 1. nóvember þegar gos var að hefjast í Grímsvötnum.

Þrumuspár

Þrumuspár voru áfram reiknaðar út frá franska veðurspálíkaninu Arpège. Á árinu var reikningum breytt verulega, en áður var reiknaður lóðréttur hitastigull, en nú er svokallað CAPE reiknað (convective available potential energy) en það er mælikvarði á þá orku sem losnar við að loft við yfirborð er lyft upp í 5 km hæð. Álitnið er að þessar nýju þrumuspár séu áreiðanlegri en fyrri reikningar. Þrumuviðvaranir eru sem fyrr sendar í tölvupósti.

Vefurinn

Vefsíður samstarfsnefndarinnar voru sem fyrr á <http://www.vedur.is/athuganir/eldingar>. LLP-vefsíður voru uppfærðar á klukkustundarfresti. Sferics síður með bresku gögnunum fyrir norðanvert Atlantshaf voru uppfærðar á 30 mín fresti. Þrumuspásíður voru uppfærðar einu sinni á sólarhring.

ALDF - eldingamælistöðvar

Samstarfsnefndin keypti á árinu 2003 fjóra ALDF-eldinganema af dönsku veðurstofunni (ALDF, Advanced lightning direction finder). Stefnt er að því að ALDF-tækin, framleidd um 1990, taki við af LLP-tækjunum sem eru frá því um 1980. ALDF-tækin eru ekki enn komin í rekstur en unnið er að því.

LLP-eldingamælarnir

Á starfsárinu apríl 2004 til mars 2005 voru þrjár LLP-stöðvar í gangi, Reykjavík, Ásgarður og Syðri-Neslönd. Stöðin í Ásgarði skráir lítið af gögnum og mest af því sem hún skráir eru atburðir þar sem stöðin fer í mettun og nýtast ekki. Reykjavíkurstöðin skráir hins vegar mjög mikið af suði. Sú breyting hefur þó orðið á að ekki er mikið af skráðum merkjum frá eldingum. Ástand stöðvanna í Reykjavík og Ásgarði hefur því enn versnað þannig að svo til engin nýtanleg gögn koma frá þessum stöðvum. Stöðin á Syðri-Neslöndum virðist mæla nokkuð af raunverulegum eldingum í þrumuveðrum. Þar sem staðsetning eldinga byggir á því að fá stefnugögn frá a.m.k. tveimur stöðvum er því svo til ekkert af nýtanlegum staðsetningum úr LLP-kerfinu.

Á árinu voru einungis 125 skeyti sem bárust í 62 atburðum frá a.m.k. tveimur stöðvum samtímis eins og sjá má í **töflu 1**. Þegar búið er að tína burt gallaða atburði eru eftir 21 elding. Flestar þessara, eða 20, eru fjarlæggar eldingar þannig að stefna frá stöðvum er svo til samsíða. Eftir stendur að á árinu var einungis hægt að staðsetja eina eldingu við landið með LLP-kerfinu. Þessi elding var skráð 30. desember 2004 kl. 22:00:57,36 af bæði Reykjavíkurstöðinni og Syðri-Neslöndum. Staðsetning er 63,059°N, 22,352°V um 30 km suður af Grindavík

Tafla 1. Flokkun samtímaatburða

| Mánuður | Skeyti | Atb | Mettun | Grunnlína | Suð | Pólun | Ósamstæð | Val |
|---------|--------|-----|--------|-----------|-----|-------|----------|-----|
| 2004-04 | 2 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2004-05 | 4 | 2 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 |
| 2004-06 | 2 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2004-07 | 8 | 4 | 2 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 |
| 2004-08 | 8 | 4 | 3 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 |
| 2004-09 | 6 | 3 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 1 |
| 2004-10 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2004-11 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2004-12 | 43 | 21 | 20 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| 2005-01 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2005-02 | 24 | 12 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 12 |
| 2005-03 | 28 | 14 | 6 | 0 | 1 | 0 | 0 | 7 |
| Samtals | 125 | 62 | 33 | 0 | 4 | 5 | 0 | 21 |

Tafla 2. Staðsetning eldinga

| Ár | Val | Innan ramma | Óstöðugar | Innan hrings | Sjór | Land | Gos |
|--------------|------|-------------|-----------|--------------|------|------|-----|
| 1997 (7 mán) | 198 | 100 | 8 | 72 | 45 | 27 | - |
| 1998 | 617 | 236 | 8 | 131 | 66 | 65 | 9 |
| 1999 | 141 | 88 | 10 | 39 | 29 | 10 | - |
| 2000 | 372 | 240 | 1 | 179 | 70 | 109 | 6 |
| 2001 | 576 | 293 | 1 | 134 | 110 | 24 | - |
| 2002 | 405 | 171 | 2 | 128 | 102 | 26 | - |
| 2003 | 197 | 115 | 6 | 89 | 43 | 46 | - |
| 2004 (3 mán) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | - |
| 2004 (9 mán) | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 |
| 2005 (3 mán) | 19 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | - |
| | (21) | (1) | (1) | (1) | (1) | (0) | (0) |
| Samtals | 2527 | 1243 | 37 | 773 | 466 | 307 | 15 |

Rammi miðast við svæðið 60°-70°N og 0°-40°V. Hringur miðast við 400 km geisla frá 65°N, 19°V.

Tafla 2 sýnir flokkun allra staðsettra eldinga frá upphafi mælinga. Goseldingar í töflunni eru fyrir Grímsvatnagosið 1998 og Heklugosið 2000. Engar eldingar voru staðsettar með LLP-kerfinu í Grímsvatnagosinu 2004.

ATD sferics eldingar við Ísland

Gegn aðstoð við að reka ATD sferics eldingamælistöð á Keflavíkurflugvelli, sem er í eigu bresku veðurstofunnar, fær Veðurstofa Íslands aðgang að gögnum Bretanna. Á 30 mín fresti er náð í nýjustu ATD sferics gögn frá bresku veðurstofunni. Gögnin eru vistuð og teiknuð á kort af N-Atlantshafi fyrir vefsíðu. Nákvæm tímasetning ATD eldinganna, sem við höfum aðgang að, er örlítið villandi, því skráður er tíminn þegar gögnin eru skráð í gagnagrunn á bresku veðurstofunni, sem skeður e.t.v. 5-15 mín eftir niðurslátt eldingarinnar. Til stendur að leiðrétta þetta hjá Bretunum. Í **töflu 3** má sjá fjölda eldinga á dag við Ísland sem ATD-kerfið hefur skráð á árinu. Fyrir utan goseldingarnar 2.-3. nóvember 2004 var áberandi mest um þrumuveður í ágúst 2004 og fyrrihluta desember 2004. Heildarfjöldi ATD eldinga á árinu var 576, innan hrings með 400 km geisla frá miðju landinu. Ef frá eru dregnar goseldingarnar 252 er þetta nokkuð færri eldingar en síðasta ár, apríl 2003 – mars 2004 er þær voru 515.

Tafla 3. Fjöldi eldinga við Ísland eftir dögum

| Dagsetning | ATD | Dagsetning | ATD | Dagsetning | ATD |
|------------|-----|------------|-----|------------|-----|
| 2004-04-02 | 28 | 2004-08-22 | 1 | 2004-12-10 | 6 |
| 2004-04-12 | 2 | 2004-08-27 | 2 | 2004-12-13 | 12 |
| 2004-04-20 | 1 | 2004-09-12 | 1 | 2004-12-14 | 2 |
| 2004-04-24 | 5 | 2004-09-17 | 2 | 2004-12-29 | 12 |
| 2004-06-02 | 7 | 2004-10-10 | 1 | 2004-12-30 | 7 |
| 2004-06-03 | 1 | 2004-10-18 | 14 | 2004-12-31 | 8 |
| 2004-06-23 | 4 | 2004-10-19 | 1 | 2005-01-01 | 2 |
| 2004-06-24 | 7 | 2004-11-02 | 143 | 2005-01-03 | 1 |
| 2004-07-05 | 1 | 2004-11-03 | 109 | 2005-01-04 | 14 |
| 2004-07-17 | 1 | 2004-11-10 | 2 | 2005-01-10 | 2 |
| 2004-07-23 | 2 | 2004-11-13 | 1 | 2005-01-18 | 1 |
| 2004-07-30 | 1 | 2004-11-17 | 7 | 2005-01-19 | 2 |
| 2004-08-02 | 1 | 2004-12-02 | 5 | 2005-02-07 | 3 |
| 2004-08-04 | 18 | 2004-12-03 | 1 | 2005-02-08 | 11 |
| 2004-08-06 | 2 | 2004-12-05 | 4 | 2005-02-09 | 2 |
| 2004-08-09 | 3 | 2004-12-06 | 20 | | |
| 2004-08-10 | 1 | 2004-12-08 | 69 | Samtals | 576 |
| 2004-08-20 | 12 | 2004-12-09 | 11 | | |

Fjöldi miðast við eldingar innan hrings með 400 km geisla frá 65°N, 19°V.

Annáll þrumuveðra við Ísland

Gerð er grein fyrir þeim eldingum sem við höfum fréttir af eða hafa verið mældar af eldingastaðsetningakerfum á sl. ári, frá 1. apríl 2004 til 31. mars 2005. Á úrkomustöðvum Veðurstofunnar er einungis mæld úrkoma og snjódýpt einu sinni á dag, kl. 9 árdegis. Úrkomustöðvarnar skrá einnig hvort vart hafi verið við þrumuveður undangenginn sólarhring, þ.e. frá kl. 9 árdegis daginn áður, en nákvæmari tímasetning er ekki skráð.

Lýsing á einstökum veðrum og skemmdum

Sjá má staðsettar eldingar í apríl til júní á **mynd 1**.

2. apríl 2004: ATD sferics kerfið skráði 28 eldingar á Vatnajökulssvæðinu um nóttina kl. 00:00-08:30.

12. apríl 2004: ATD sferics kerfið skráði tvær eldingar á Suðurlandi kl. 16:05.

20. apríl 2004: ATD sferics kerfið skráði eina eldingu á Vatnajökli kl. 23:05.

24. apríl 2004: Veðurathugunarmaður á úrkomustöðinni Lækjarbakka í Flóa tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring. ATD sferics kerfið skráði fimm eldingar á Suðausturlandi og við Suðurströndina um kl. 01:25-10:20.

15. maí 2004: Veðurathugunarmaður á úrkomustöðinni Skaftafelli tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring.

2. júní 2004: Veðurathugunarmaður á úrkomustöðinni Svartáarkoti tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring þ. 3. ATD sferics kerfið skráði 7 eldingar á Norðausturlandi kl. 15:20-19:00.

18. júní 2004: Veðurathugunarmaður á Bláfeldi í Staðarsveit tilkynnti um þrumuveður með eða án úrkomu á síðustu klukkustund ($w = 29$) kl. 12.

23.-24. júní 2004: Veðurathugunarmaður á úrkomustöðinni Vogsósum tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring þ. 24. ATD sferics kerfið skráði eina eldingu í Bláfjöllum kl. 14:40 þ. 23., og 10 eldingar suður af landinu kl. 21:55-03:55.

29. júní 2004: Veðurathugunarmaður á úrkomustöðinni Stafni í Svartárdal tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring.

Sjá má staðsettar eldingar í júlí til september á **mynd 2**.

5. júlí 2004: Veðurathugunarmaður á Hæli í Hreppum tilkynnti um mikið þrumuveður á athugunartíma samfara regni en ekki hagli (w = 97) kl. 18. Í frétt Mbl. 6. júlí sagði: „Skriðuföll í þrumuveðri við Galtafell. Þrumuveður með gífurlegu úrfelli og éljum, svo hvítnaði í fjöll um stundarsakir, gekk yfir Galtafell og nágrenni í Hrunamannahreppi í gær. Eldglæringar sáust á himni og að minnsta kosti einni eldingu sló niður, samkvæmt eldingarmæli Veðurstofu Íslands. Veðrið var staðbundið í grennd við Galtafell og féll aurskriða úr því við bæinn Sólheima í kjölfar úrkomunnar, sem var mikil á skömmum tíma“. ATD sferics kerfið skráði eina eldingu í Grímsnesi kl. 17:15.

23. júlí 2004: ATD sferics kerfið skráði tvær eldingar um 30 km SSA við Akureyri kl. 17:45-17:50.

30. júlí 2004: ATD sferics kerfið skráði eina eldingu í Þórsmörk kl. 10:50.

9. ágúst 2004: Veðurathugunarmaður á úrkomustöðinni Kirkjubóli við Akranes tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring. Í frétt Mbl. sagði: „Þá varð vart við þrumuveður á Suðurlandi í nótt, auk þess sem þar rigndi og fylgdi hlýtt loft í kjölfar þess“.

22. ágúst 2004: ATD sferics kerfið skráði eina eldingu í Skagafirði kl. 13:10.

27. ágúst 2004: ATD sferics kerfið skráði tvær eldingar 14 km NV við Höfn kl. 15:35-16:25.

3. september 2004: Í frétt Mbl. sagði: „Eldingar spilla síma- og netsambandi í Skaftafellssýslu. Síma- og netsambandslaust er nú á mörgum bæjum í vestanverðri Skaftafellssýslunni af völdum eldinga. Gríðarlegt úrhelli með þrumuveðri var í nótt á þessu svæði. Stella Hrönn Jóhannsdóttir, starfandi þjóðgarðsvörður í Skaftafelli segir í samtali við vefsetrið horn.is að rignt hafi ótrúlega mikið í nótt. *Þetta var eins og hitabeltisstormur og minnti okkur helst á rigninguna í kvikmyndinni Forest Gump,*

segir Stella. Hún segir rigninguna hafa dunið á þakinu með þvílíkum hávaða að hækka þurfti vel í sjónvarpinu til að fylgjast með fréttunum. Rafmagnið fór af en kom fljótlega aftur með miklum truflunum. Enn eru rafmagnstruflanir og GSM símasamband er einnig stopult, segir Stella. Segir í fréttinni, að samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum Símans hafi borist fjölmargar tilkynningar um símasambandsleysi á Mýrum, Suðursveit og í Örafum og virðist sem eldingar hafi eyðilagt ferjöld, eða módem. Þar sem menn notast við slík tæki eru bæði símar og tölvur sambandslausar“.

10. september 2004: Veðurathugunarmaður á veðurfarsstöðinni Önnuparti í Þykkvabæ tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring.

17. september 2004: Veðurathugunarmaður á úrkomustöðinni Skógum undir Eyjafjöllum tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring. ATD sferics kerfið skráði tvær eldingar við sunnanverða Austfirði kl. 12:30-16:50.

Sjá má staðsettar eldingar í október til desember á **mynd 3**.

2.-3. nóvember 2004: ATD sferics kerfið skráði 252 eldingar í Grímsvatnagosi yfir og norðan við Grímsvötn frá kl. 01:45 þ. 2. til kl. 08:50 þ. 3.

2. desember 2004: ATD sferics kerfið skráði tvær eldingar á Barðaströnd kl. 18:05-18:10.

5. desember 2004: Veðurathugunarmaður á Bláfeldi í Staðarsveit tilkynnti um þrumuveður með eða án úrkomu á síðustu klukkustund ($w = 29$) kl. 21. ATD sferics kerfið skráði nokkrar eldingar vestur af landinu og á Faxaflóa kl. 16:55-19:30.

6. desember 2004: ATD sferics kerfið skráði tvær eldingar á Vatnajökli kl. 03:05-04:20.

8. desember 2004: Veðurathugunarmenn á Veðurstofunni í Reykjavík tilkynntu um þrumuveður á síðustu klukkustund, en ekki á athugunartíma og lítilsháttar rigningu á athugunartíma ($w = 91$) kl. 12. Veðurathugunarmenn á úrkomustöðvunum í Skaftafelli, Snæbýli í Skaftártungum, Skógum undir Eyjafjöllum, Lækjarbakka í Flóa, Hítardal og Setbergi í Grundarfirði tilkynntu um þrumuveður undangenginn

sólarhring þ. 9. Eina eldingu sá Þórður Arason af skrifstofu sinni í Veðurstofuhúsi, kl. 14:25. Hann var ekki að horfa beint en telur sig hafa séð eldingarákina, sem virtist nokkuð lóðrétt. Stefna í eldingu var um ASA. Tími í þrumu var meiri en 10 sek. ATD skráði eina eldingu kl. 14:30 (úrvinnslutími) 64.05°N, 21.45°V, þ.e. 24 km 112° (ASA) við Veðurstofuhús. ATD sferics kerfið skráði 106 eldingar langt sunnan við landið og með allri suðurströndinni frá Kambanesi til Reykjavíkur frá kl. 04:25 þ. 8. til kl. 02:20 þ. 9.

9.-10. desember 2004: Veðurathugunarmaður á Bláfeldi í Staðarsveit tilkynnti um þrumuveður með eða án úrkomu á síðustu klukkustund ($w = 29$) kl. 18 og 21 þ. 9. Veðurathugunarmaður á Stórhöfða í Vestmannaeyjum tilkynnti um sjáanleg leiftur (rosaljós) en engin skrugga heyrðist ($w = 13$) kl. 24 þ. 9. Veðurathugunarmenn á úrkomustöðvunum í Skógum undir Eyjafjöllum, Hólmum, Vogsósum og Setbergi í Grundarfirði og veðurfarsstöðinni Korpu í Reykjavík tilkynntu um þrumuveður undangenginn sólarhring þ. 10. Veðurathugunarmaður á úrkomustöðinni Hjarðarfelli á Snæfellsnesi tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring þ. 11. ATD sferics kerfið skráði nokkrar eldingar suður af Vestmannaeyjum og Mýrdalsjökli frá kl. 16:45 þ. 9. til kl. 06:10 þ. 10. ATD sferics kerfið skráði eina eldingu nálægt Borgarnesi kl. 14:35 þ. 10.

13. desember 2004: Veðurathugunarmenn á úrkomustöðvunum Kvískerjum í Örafum, Skaftafelli og Skógum undir Eyjafjöllum tilkynntu um þrumuveður undangenginn sólarhring þ. 13. ATD sferics kerfið skráði 12 eldingar á svæðinu frá Þórsmörk að Lóni kl. 02:30-09:25.

28. desember 2004: Veðurathugunarmaður á úrkomustöðinni Neðra-Skarði tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring þ. 28.

29. desember 2004: Veðurathugunarmaður á úrkomustöðinni Hjarðarfelli á Snæfellsnesi tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring þ. 29. Í frétt Mbl. sagði: „Bilanir urðu í raforkudreifingarkerfi Landsvirkjunar í nótt og um tíma fór straumur meðal annars af stóriðjuverunum á Grundartanga; álveri Norðuráls og járnblendiverksmiðju og lá framleiðsla þar niðri í tæpa klukkustund. Það liggur ekki fyrir hvað gerðist en líklega hefur ísing á línunum einnig átt hlut að máli. Eða jafnvel eldingar því við höfum fregnir af eldingaveðri á Hvalfjarðarsvæðinu“. ATD sferics

kerfið skráði nokkrar eldingar suður af landinu og eina á norðanverðu Snæfellsnesi kl. 07:00.

30.-31. desember 2004: Veðurathugunarmaður á úrkomustöðinni Lækjarbakka í Flóa tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring þ. 30. Veðurathugunarmenn á úrkomustöðvunum Lækjarbakka í Flóa og Hítardal tilkynntu um þrumuveður undangenginn sólarhring þ. 31. ATD sferics kerfið skráði nokkrar eldingar suður af landinu og örfáar vítt og breitt um landið á gamlársdag.

Sjá má staðsettar eldingar í janúar til mars á **mynd 4**.

4. janúar 2005: ATD sferics kerfið skráði mikil þrumuveður langt suðaustan við landið og tvær eldingar á Austfjörðum og þrjár við Mýrdalsjökul.

17. janúar 2005: Veðurathugunarmaður á úrkomustöðinni Neðra-Skarði tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring.


7.-8. febrúar 2005: Veðurathugunarmaður á úrkomustöðinni Skógum undir Eyjafjöllum tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring þ. 8. ATD sferics kerfið skráði þrjár eldingar undir Eyjafjöllum kl. 11:05-12:50 þ. 8. Veðurathugunarmenn á úrkomustöðvunum Kvískerjum í Örfæfum og Hítardal tilkynntu um þrumuveður undangenginn sólarhring þ. 9. ATD sferics kerfið skráði eina eldingu við Mýrdalsjökul kl. 16:30 þ.8., og fimm eldingar í Örfæfum kl. 20:15-20:25 þ. 8.

13. febrúar 2005: Veðurathugunarmaður á úrkomustöðinni Brúsastöðum í Vatnsdal tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring.


Kort af þrumuveðrum ársins

Á **myndum 1 til 4** eru sýnd þriggja mánaða tímabil með staðsettum eldingum úr ATD sferics kerfinu.


Myndir 5 til 7 sýna þrjú þrumuveður, 2.-10. ágúst 2004, 2.-14. desember 2004, og 29. desember 2004 – 4. janúar 2005. Á **mynd 8** er yfirlit yfir allt mæliárið. Á **mynd 9** eru allar eldingar úr breska ATD sferics eldingamælikerfinu frá september 1998 til mars 2005 sýndar á einu korti.




Mynd 1. Eldingar í apríl til júní 2004




Mynd 2. Eldingar í júlí til september 2004




Mynd 3. Eldingar í október til desember 2004




Mynd 4. Eldingar í janúar til mars 2005




Mynd 5. *Þrumuveðrin 2.-10. ágúst 2004*




Mynd 6. *Þrumuveðrin 2.-14. desember 2004*



Mynd 7. *Drumuveðrin 29. desember 2004 – 4. janúar 2005*



Mynd 8. *Eldingar á árinu apríl 2004 til mars 2005*



Mynd 9. Skráðar eldingar með ATD-sferics eldingamælikerfinu frá september 1998 til mars 2005

Nýjar þrumuspár

Í árslok 1999 var farið að reikna lóðréttan hitastigul í franska veðurspálíkaninu Arpège til að meta stöðugleika lofts og möguleika á myndun þrumuveðra. Á árinu 2004 voru þessir reikningar þróaðir áfram og í stað hitastiguls var reiknaður CAPE-stuðull (convective available potential energy), sem lýsir þeirri orku sem losnar við að lofti við yfirborð er lyft upp í 5 km hæð. Ef það þarf orku til að lyfta loftinu þá er loftið stöðugt, en ef orka losnar þá bendir það til þess að lofthjúpurinn sé óstöðugur, sem ýtir undir myndun skúra- og þrumuskýja. Nýjar vefsíður með CAPE-þrumuspám voru settar upp sumarið 2004, þar sem ástandinu er spáð á 6 klst fresti tvo og hálfan dag fram í tímann. Þessir reikningar eru gerðir tvisvar á dag og vefsíðurnar uppfærðar. Þrumuspárnar voru kynntar fyrir öryggismönnum Landsvirkjunar með erindi 2. nóvember 2004. Á árinu 2004 voru þessir reikningar þróaðir lengra þannig

að hægt væri að spá fyrir um líkur á þrumuveðri á tilteknum stað og tíma. Niðurstöður þeirrar vinnu voru kynntar á ICLP 2004 ráðstefnunni, en ekki hefur verið lokið við að setja þessar líkindaspár í rauntímakeyfrslu á vefinn.

Eldingar í Grímsvatnagosinu 2004

Eldgos hófst í Grímsvötnum að kvöldi 1. nóvember 2004. Gosórói á skjálftaritum bendir til þess að gosið hafi hafist um eða rétt fyrir kl. 21:50. Úrkomuratsjá Veðurstofunnar á Miðnesheiði sá gosmökkinn fyrst um kl. 23, en þá náði hann í 9 km hæð y.s. Mikið dró úr gosvirkninni að morgni 3. nóvember og sá ratsjáin gosmökkinn síðast þann morgun kl. 08:30. Næstu daga fjaraði gosið út og er talið að því hafi verið lokið að morgni 6. nóvember. Fyrstu sjónarvottar að gosinu voru starfsmenn við Kárahnjúka, sem sáu gosmökkinn lýsast upp af eldingum fyrstu gosnóttina. Þann 2. nóvember náðust góðar myndir af gosinu, og þar á meðal kvikmynd af eldingu í mekkinum (sjá myndir 10 og 11).

Veðurstofan hefur aðgang að þremur mælikerfum sem mældu eldingar í gosinu. 1) Breska ATD-sferics kerfið skráði staðsetningar á 252 eldingum í gosinu. Tímasetning er ónákvæm upp á 5 mín og staðsetning er oft frekar ónákvæm. 2) EFMS bylgjuskráningarkerfið í Reykjavík skráir bylgjuform á lóðréttu rafsviði í einstökum atburðum í tæpa 1 ms. Skráð voru bylgjuform 152 atburða í gosinu. 3) Íslenska LLP-eldingamælikerfið náði ekki að staðsetja eldingar, en ein stöðin, Syðri-Neslönd við Mývatn skráði mikilvægar upplýsingar um 149 eldingar, þ.á.m. nákvæma tímasetningu (0.01 sek), straumstyrk, pólun og leiftrafjölda í eldingu.


Breska veðurstofan rekur mjög langdrægt ATD sferics eldingamælakerfi, sem getur staðsett eldingar um alla jörð en er næmast á eldingar í Evrópu (ATD, arrival time difference). Árið 2002 setti hún upp eina stöð á Keflavíkurflugvelli í húsnæði Veðurstofu Íslands. Gegn aðstoð við rekstur stöðvarinnar hefur Veðurstofa Íslands aðgang að gögnum bretanna. Gögn um staðsettar eldingar eru sótt á 30 mín fresti og staðsettar eldingar á N-Atlantshafi settar á kort á vefsíðu. ATD kerfið byggir á því að mæla lóðrétt rafsvið og nemur því betur lóðréttar eldingar sem margar slá til jarðar, en skráir einnig eitthvað af skýjaeldingum.




Mynd 10. *Elding í gosmekkinum 2. nóvember líklega kl. 16:57:39.
Úr kvikmynd eftir Ómar Ragnarsson (RÚV).*



Mynd 11. *Grímsvatnagosið 2. nóvember 2004, horft til austurs.
Ljós. Matthew J. Roberts.*



Mynd 12. Staðsettar ATD eldingar í gosvikunni. Athyglisvert er að engin veðurtengd þrumuveður voru nálægt landinu á þessum tíma.





Mynd 13. Staðsetning ATD eldinga í gosinu. Hér eru einungis sýndar eldingar þar sem óvissa í staðsetningu er metin minni en 5 km.

Svo vel vildi til í gosinu að engin veðurtengd þrumuveður voru nálægt Íslandi, eins og sjá má á **mynd 12**, og því eru mæligögnin ekki trufluð af nálægum veðureldingum. Á **mynd 13** má sjá staðsettar eldingar í gosinu og eru hér eingöngu sýndar eldingar þar sem mat á óvissu í staðsetningu er minna en 5 km. Athyglisvert er að eldingarnar eru yfir Grímsvötnum og norðan Grímsvatna, en á þessum tíma var sunnanátt og gosmökkurinn lá til norðurs. ATD kerfið skráði 252 eldingar í gosinu, þá fyrstu 2. nóvember kl. 01:45 og þá síðustu 3. nóvember kl. 08:50.


